

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2000.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 2000 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sturlaugur Tómasson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. janúar 2000.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 430 24. júní 1999, breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækka um 2,76% frá 1. janúar 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Heiðarbrún, Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 11. nóvember 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Heiðarbrún, Hveragerði. Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar, 20. desember 1999.

Guðmundur F. Baldursson.